



SORPSTÖÐ RANGÁRVALLASÝSLU bs.

**GREINARGERÐ MEÐ TILLÖGU AÐ BREYTTU
DEILISKIPULAGI**

STRÖND

RANGÁRÞINGI YTRA

Greinargerð með tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir Sorpstöð Rangárvallasýslu bs, Strönd, Rangárþingi ytra.

1 Inngangur.

Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. setur hér fram tillögu að endurskoðuðu deiliskipulagi fyrir urðunarsvæði samlagsins að Strönd, Rangárþingi ytra. Um er að ræða viðauka og breytingu á deiliskipulagi svæðisins frá 1993, sem unnið var á Skipulagsstofunni Heiði hf, Birgi Þórðarsyni, umhverfisskipulagsfræðingi og Ástu Kristbergsdóttur, landslagsarkitekt.

Fyrirhugaðar breytingar skipulagsins eru fólgnar í eftirfarandi:

- stækkun urðunarsvæðisins til norðausturs.
- lokun þess hluta eldra urðunarsvæðis, þar sem urðun fór fram, ásamt áframhaldandi uppgræðslu þess svæðis.
- aðlögun og tenging athafnasvæðis, s.s húsnaðis, vogar o.fl., á eldra urðunarsvæði við nýja svæðið.

Uppfærsla og aðlögun að breytingum, sem orðið hafa frá gerð eldra skipulags:

- breyting á sveitarfélögum í sýslunni, mannfjölda o.fl.
- breyting á samsetningu urðaðs úrgangs
- nýtt starfsleyfi

Greinargerð þessi byggir að miklu leyti á greinargerð deiliskipulagsins frá 1993 og eru hér eingöngu settar fram þær breytingar, sem gerðar hafa verið og eru fyrirhugaðar. Að öðru leyti gildir eldri greinargerð, sem er fylgiskjal með með þessari greinargerð.

2 Fyrirhugaðar breytingar.

Stækkun urðunarsvæðisins til norðausturs:

Svæðið er um 17,6 ha að stærð. Það er að hluta til á grónu svæði, en að öðru leyti á ógrónum eða lítt grónum melum. Urðað verður á takmörkuðum svæðum á hverjum tíma og þeim svæðum síðan lokað og gengið frá með jarðvegsþekju, sáningu og trjárækt. Gerðar verða manir umhverfis svæðin, svipað og gert hefur verið skv. eldra skipulagi. Settar verða færanlegar fokgirðingar umhverfis hvert svæði meðan urðun þar fer fram.

Lokun og uppgræðsla eldra urðunarsvæðis:

Lokið er urðun í um 6,5 ha svæðis á eldra urðunarsvæði. Eftir er um 2ja ha svæði, sem er í notkun. Gert er ráð fyrir að það svæði verði uppurið árið 2007. Vinna við ræktun og frágang eldri urðunarsvæða er langtímavinna og hefur verið í gangi frá upphafi urðunar að Strönd. Við ræktun er notaður garðaúrgangur og húsdýraáburður og er sáð í svæðin, sett niður tré o.þ.h. Nauðsynlegt er að bera áburð á svæðin um langan tíma þar sem jarðvegur er mjög næringarefnasnaður.

Aðlögun og tenging athafnasvæðis:

Núverandi athafnasvæði í norðausturhorni eldra svæðisins verður notað áfram. Á því svæði er m.a:

- húsnæði fyrir rekstrarverktaka.
- bílvog fyrir vigtun alls úrgangs sem berst.
- svæði fyrir móttöku á brotajárni, hjólbörðum, eiturefnum, rafgeymum og spilliefnum og tímabundna geymslu þessara sorptegunda, en þær eru flokkaðar og fluttar burtu til endurvinnslu eða förgunar.
- svæði fyrir móttöku og tímabundna geymslu ýmissa stærri vélhluta, s.s. gamalla bíla o.þ.h. Tekið á móti vélhlutum og bílum og geymt fyrir einkaaðila og fyrirtæki á svæðinu.

Gerðar verða vegslóðir inn á nýja svæðið.

3 Áorðnar breytingar.

Sveitarfélög, mannfjöldi:

Þær breytingar hafa orðið á staðháttum í Rangárvallasýslu að nokkur sveitarfélög hafa sameinast.

Í Rangárþing eystra hafa sameinast:

- A- og V-Eyjafjallahreppir
- A- og V-Landeyjahreppir
- Fljótshlíðarhreppur
- Hvolhreppur

Í Rangárþing ytra hafa sameinast:

- Rangárvallahreppur
- Holta- og Landsveit
- Djúparhreppur

Utan sameiningar standa:

- Ásahreppur

Að Sorpstöð Rangárvallasýslu standa eftirtalin sveitarfélög. Þann 1. desember 2003 var íbúafjöldi þeirra:

- | | |
|---|------------|
| • Rangárþing eystra (að Eyjafjallahreppum undanskildum) | 1381 íbúi |
| • Rangárþing ytra | 1436 íbúar |
| • Ásahreppur | 144 íbúar |

Íbúafjöldi samtals:

2961 íbúi

Samsetning og magn urðaðs úrgangs:

Miklar breytingar hafa orðið á úrgangsmagni og samsetningu þess hjá Sorpstöðinni frá því sem áður hafði verið gert ráð fyrir. Fljótlega kom í ljós að úrgangur til urðunar var mun meiri en ráðgert hafði verið. Einkum varð mikil aukning í magni slátur- og kjötvinnsluúrgangs.

Með tilkomu kjötmjölsverksmiðju á Suðurlandi hefur aftur dregið úr urðun sláturúrgangs. Urðun sláturúrgangs er þó umtalsverð ennþá, en vonir standa til að hægt verði að koma meiri úrgangi í verksmiðjuna en nú er.

Landbúnaðarúrgangur (rúlluplast) hefur lengst af verið urðaður. Gerðar voru tilraunir til að endurnýta plastið, en þær mistókust. Nú stendur til að reyna nýjar aðferðir við endurvinnslu, en ef þær takast þá minnkar magn til urðunar.

Magn innvegens sorps til urðunar árið 2003 var:

Virkur úrgangur:

- sláturúrgangur 1980 tonn

Óvirkur úrgangur

- byggingarúrgangur o.þ.h. 570 tonn
 - óvirkur úrgangur 900 tonn
 - blandaður úrgangur 330 tonn
 - landbúnaðarúrgangur (rúlluplast) 250 tonn
- 2050 tonn

Samtals urðað:

4030 tonn

Þetta magn samsvarar u.þ.b. 7.000 m³ við urðun, að meðtöldu jarðvegsþekjulagi yfir úrganginn. Miðað við að gryfjur séu 3 m djúpar að meðaltali og nýting svæðisins sé 60% þarf 4.000 m² landsvæði á ári til urðunar.

Magn innvegens sorps, sem var flokkað og flutt burt árið 2003 var:

- brotajárn 630 tonn
- hjólbarðar 22 tonn
- spilli- og eiturefni 8 tonn

Samtals flutt brott:

660 tonn

Garðaúrgangur og jarðvegur er endurnýttur til gróðurgerðar á starfssvæðinu. Innvegið magn var 530 tonn árið 2003

Starfsleyfi:

Nýtt starfsleyfi var gefið út fyrir starfsemi sorpstöðvarinn þann 8. nóvember 2000. Gildistími þess er til 30. júní 2009.

4 Urðunarsvæðið að Strönd. Landnotkun.

Svæði það sem skipulagt var 1993 mun að öllum líkindum endast til ársins 2007. Skipulagið náði til um 10 ha svæðis, en frá urðunarsvæðum dragast svæði vegna mana og girðinga á jöðrum, vegna lækjarfarvegs miðsvæðis og vegna aðstöðu rekstrarverktaka o.fl. Nýtanlegt svæði til urðunar er um 8,5 ha að stærð. Árleg landnotkun hefur því verið um 0,6 ha/ári.

Í skipulagi og fyrsta starfsleyfi var gert ráð fyrir að urðunarreinar fyrir slátur- og kjötvinnsluúrgang væru fóðraðar með þéttlagi. Það skilyrði var ekki sett í starfsleyfi sem nú er í gildi. Ekki er gert ráð fyrir fóðrun slíkra urðunarreina í tillögu að breyttu deili-skipulagi.

5 Rekstur svæðisins.

Rekstur svæðisins verður áfram í sama formi og verið hefur. Tekið verður á móti öllum þeim tegundum sorps, sem hingað til hafa borist sorpstöðinni, sbr. gr. 3 hér að ofan. Stór hluti þessa sorps er fluttur brott, eins og fram kemur í eldri greinargerð.

6 Fylgiskjöl

Með greinargerð þessari fylgja eftirtalin skjöl og teljast þau hluti hennar:

- Starfsleyfi Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs, útgefið 8. nóv. 2000, gildistími til 30. júní 2009.
- Deiliskipulag frá 1993, ásamt starfsleyfi, útgefnu 12.08.1991.

7 Heimildir.

Greinargerð með deiliskipulagi 1993, Birgir Þórðarson.
Hagstofa Íslands, upplýsingar um mannfjölda.
Rekstaráðili Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.

Starfsleyfi

fyrir móttöku og förgun úrgangs á vegum Sorpstöðvar
Rangárvallasýslu bs., að Strönd, Rangárvallahreppi

**Gefið út af Hollustuvernd ríkisins í samræmi við ákvæði laga nr.
7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.**

1. ALMENN ÁKVÆÐI

- 1.1 Starfsleyfi þetta gildir fyrir móttöku, flokkun, og endurvinnslu úrgangs, allt að 500 tonnum á ári, á urðunarstað Sorpstöðvar Rangárvallarsýslu bs. á Strandarsandi. Óheimilt er að brenna úrganginn. Sorpstöð Rangárvallarsýslu bs. eða sá aðili sem annast meðferð úrgangs fyrir hana nefnist hér eftir rekstraraðili.
- 1.2 Hollustuvernd ríkisins hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila, í samráði við heilbrigðisnefnd Suðurlands. Verði gert samkomulag um yfirtöku eftirlits samkvæmt 9. grein í reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit, flyst það til viðkomandi heilbrigðisnefndar, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins.
- 1.3 Fara skal þannig með allan úrgang til endurvinnslu, flutnings, förgunar eða annarrar meðferðar að tryggt sé að hann valdi hvergi ónæði eða óþrifnaði.
- 1.4 Berist á starfstímanum óeðlilega mikil mengun frá starfsemi urðunarstaðar á Strönd út í umhverfið, sér rekstraraðili um að koma í veg fyrir að mengunarefni haldi áfram að breiðast út. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað.
- 1.5 Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 1.6 Ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og ákvæði reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit, reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, reglugerðar nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns, reglugerðar nr. 805/1999 um úrgang og reglugerðar nr. 810/1999 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang, gilda um starfsemi rekstraraðila
- 1.7 Koma skal í veg fyrir að meindýr á borð við rottur eða vargfugla hafist við eða taki sér bólfestu á urðunarstaðnum, sbr. ákvæði 1.3 starfsleyfis þessa.
- 1.8 Rekstraraðili skal ganga úr skugga um að verktakar sem annast verk fyrir hann við meðhöndlun úrgangs, t.d. flutning, skulu hafa tilskilin starfsleyfi.
- 1.9 Rekstraraðili skal skrá og senda, fyrir 1. júní ár hvert, eftirfarandi í samanteknu formi fyrir hvert almanaksár til Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefndar Suðurlands, magn og tegundir úrgangs sem hafa verið urðuð á urðunarstaðnum. Séu ofangreindar upplýsingar að fmnna í ársskýrslu rekstraraðila þarf ekki að

senda sérstaka samantekt, Upplýsingar þessar skulu þó vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er.

- 1.10 Annað hvert ár boðar Hollustuvernd ríkisins fulltrúa rekstraraðila og Heilbrigðisnefndar Suðurlands á samráðsfund. Á þessum fundum verði m.a. rætt um rekstur urðunarstaðarins, hugsanlegar breytingar á starfsleyfi þessu svo og önnur atriði er kynnu hafa komið upp og fulltrúar áðurnefndra aðila telja ástæðu til að ræða.
- 1.11 Með eftirlit og mælingar á mengunarefnum eftir að starfsemi lýkur skal fara samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit eða annarra laga og reglugerða þegar það á við, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins.

2. ÚRGANGSEFNI TIL ENDURNÝTINGAR

2.1 Úrgangsefni til endurnýtingar

Í samræmi við stefnu stjórnvalda um aukna endurnýtingu úrgangsefna skal rekstraraðili vinna markvisst að nýtingu úrgangs, t.d. með endurvinnslu, jarðgerð og gasvinnslu. Ef endurvinnslu- og endurnýtingarmöguleikar eru fyrir hendi skal koma úrgangi í slíka vinnslu ef kostur er. Undir þetta falla t.d. lífrænn úrgangur, svo sem garða- og sláturhúsaúrgangur, timbur, pappír og pappi, rúllubaggaplast og brotamálmar. Upplýsa skal úrgangshafa um þessa möguleika og tryggja þannig að hann komi úrgangsefnum í viðeigandi endurnýtingarfarvegi.

3. SPILLIEFNAMÓTTAKA

- 3.1 Óheimilt er blanda spilliefnum saman við annan úrgang og er urðun þeirra óheimil, sbr. þó grein 4.1 í starfsleyfi þessu. Rekstraraðila ber að tryggja að engin spilliefni séu í þeim úrgangi er tekið er á móti til urðunar. Í því skyni skal rekstraraðili kanna reglulega úrgangsfarma sem berast urðunarstöðunum. Hann skal einnig krefja úrgangshafa um að leggja fram gögn, þegar því verður viðkomið, til staðfestingar á því að spilliefni séu ekki meðal þess úrgangs sem hann óskar eftir að verði urðaður.
- 3.2 Spilliefnum og hættulegum efnum, skv. reglugerð nr. 810/1999 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang, sem safnað er í spilliefnamóttökunni, skal pakka og búa til flutnings til endurnýtingar eða og eyðingar. Geymsla á spilliefnum áður en þau verða flutt brott skal vera með þeim hætti að efnin blandist ekki og geymist í ílátum sem Hollustuverad ríkisins hefur viðurkennt. Í samvirnu við Heilbrigðiseftirlit Suðurlandssvæðis og Hollustuvernd ríkisins skal rekstraraðili standa fyrir kynningu og reglulegri innsöfnun á slíkum úrgangi. Kynningin skal ná bæði til almennings og fyrirtækja.
- 3.3 Steypt undirlag skal vera á svæði þar sem vökvar eru tæmdir af bifreiðum, bifreiðahlutum, vélum og öðrum slíkum búnaði, einnig þar sem unnið er meðrafspenna, rofa eða þetta ef um slíkt er að ræða, Á fráveitu frá slíku svæði skal vera olúskilja. Stærð og gerð olúskilju skal miðast við að olía í fráveituvatni sé ekki meiri en 15 mg/l.

Aðstaða skal vera til sýnatöku af fráveituvatni þar sem það kemur úr olúskiljum.

- 3.4 Sérstök ídræg efni skulu vera til staðar til að hreinsa upp olú- og leysiefnaúrgang sem hafa farið til spillis, Haga skal aðstöðu við móttökusvæði spilliefna á þann veg að í stað fráveitu frá því svæði séu öll fljótandi spilliefni sem hugsanlega fara niður, fönguð með ídrægum efnum eða fönguð í lokaða tanka, þaðan sem hægt er að ná þeim til baka.

4. URÐUNARSTAÐUR Á STRANDARSANDI

- 4.1 Förgun úrgangs, eftir meðhöndlun í móttökustöð, fari einungis fram á þar til útbúnum stað, þ.e á urðunarstað á. Strandarsandi. Einungis er heimil urðun á byggingarúrgangi, timbri, rúllubaggaplasti, uppmokstri, stórgerðu rusli og fleira þess háttar.

Móttaka sláturúrgangs er einungis heimil að svo miklu leyti sem ekki er unnt að koma honum til endurvinnslu í kjötmjölsverksmíðju eða að takmarkanir séu á flutningi hans vegna varna gegn útbreiðslu smitsjúkdóma. Til að flytja sérlega hættulegan sláturúrgang skv. 3.gr. reglugerðar nr. 660/2000 á urðunarstað skal nota gáma eða flutningatæki sem samþykkt hafa verið af heilbrigðisnefnd og héraðsdýralækni og eru lagarheld og lokuð eða með yfirbreyðslu. Þar sem ekki er völ á brennsluofni skal úrgangi safnað saman og hann fluttur án tafar á urðunarstað og hann urðaður jafnóðum og þannig að jarðlag sé a.m.k. einn metri. Tryggja skal að mengun berist ekki í umhverfið. Áður en slíkur úrgangur er urðaður skal úða hann með viðeigandi sótthreinsi.

Óheimil er móttaka sérstaks úrgangs frá heilbrigðisstofnunum, geislavirks úrgangs, svo og sprengiefna. Þó má heimila urðun úrgangs sem flokkaður hefur verið sem spilliefni en inniheldur ekki spilliefni samkvæmt nánara mati á hættu úrgangsins enda ekki talið að hann valdi verulegri umhverfismengun. Hafa skal samráð við Hollustuvemd ríkisins og viðkomandi heilbrigðisfulltrúa þegar um slíkt er að ræða.

- 4.2 Við athafnasvæðið skulu vera skilti með greinilegri áletrun um afgreiðslutíma og hvar móttaka einstakra efna fari fram.
- 4.3 Athafnasvæðið skal vera vel afgirt. Hlið á girðingu skulu vera læst utan afgreiðstutíma.
- 4.4 Ekki skal vera nema ein urðunarrein í notkun samtímis fyrir bverja tegund úrgangs.
- 4.5 Mótun þekjulags skal vera með þeim hætti að uppgræðsla svæðisins verði eins hröð og kostur er. Þykkt þekjulags skal ekki vera minni en 75 cm. í efsta lagið skal sá grasfræi. Koma skal fyrir jarðvegs mönum á urðunarstaðnum m.a. til að minnka sjónmengun á staðnum, minnka fohættu og til að afmarka svæði fyrir einstaka úrgangstegundir sem bíða ftekari vinnslu, t.d. brotamálma, heimilistækja, garöaúrgangs, gúmmí og plastefna.
- 4.6 Á hverri vinnuvakt á svæðinu skal starfa vaktstjóri sem hefur góða þekkingu á öllum búnaði og starfsreglum. Vaktstjóri skal einmg hafa þekkingu á ákvæðum starfsleyfis þessa og þeim lögum og reglum sem um starfsemina gilda, Eintök af starfsleyfi og viðkomandi lögum og reglum skulu ávallt tiltæk á vinnustað. Einnig

skal rekstraraðili tilnefna fulltrúa sem eftirlitsaðilar, eða aðrir, geta haft samband við ef þörf krefur utan afgreiðslutíma fyrirtækisins,

5. MÆLINGAR OG EFTIRLIT

- 5.1 Svo unnt sé að fylgjast með grunnvatnsrennslinu skal gera a.m.k. tvær sýnatökuholur við urðunarstaðinn, þ.e. eina norður og eina suður við urðunarstaðinn, Rekstraraðili skal standa undir kostnaði við eftirfarandi mengunarmælingar varðandi efni og eðlisþætti í vatnssýnum frá urðunarstaðnum:

Efni	Losunarmörk
NH ₄	10 mg/1
NO ₃	50 mg/1
Súrefnisþörf(COD)	200 mg/1

Mæla skal COD, NH₄ og NO₃ einu sinni á ári eða eftir þörfum ef niðurstöður eftirlitsmælinga gefa tilefni til sýnatöku með skemmra eða lengra millibili.

- 5.2 Hollustuvernd ríkisins hefur yfirumsjón með mengunarmælingum, mæliaðferðum og metur niðurstöður mælinga jafnframt því að hafa með höndum reglubundið umhverfiseftirlit með rekstrinum nema um annað verði samið sérstaklega. Rekstraraðili skal upplýstur um niðurstöður mengunarmælinga eins fljótt og auðið er.

6. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er í þriðja gjaldskrárflokki skv. fylgiskjali 1 í reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit og greiðir rekstraraðili eftirlitsgjald satnkvæmt gjaldskrá Hollustuverndar ríkisins, eins og hún er hverju sinni. Gjald þetta skal standa undir kostnaði við eftirlit.

7. GILDTSTAKA

Starfsleyfi þetta öðlast gildi við birtingu og það gildir til 30. júní 2009 eða þangað til að nýtt starfsleyfi er gefið út.

Starfsleyfi þetta, sem gildir fyrir Sorpstöð Rangárvallarsýslu bs., við Strönd., kennitala 600893-2469, vegna urðunar úrgangs á Strönd, er ekki framseljanlegt. Vevði aðilaskipti að rekstrinum þarf nýr rekstraraðili að afla sér starfsleyfis.

HOLLUSTUVERND RÍKISINS MENGUNARVARNARSVIÐ

Reykjavík, 8. nóvember 2000

Leifur Eysteinnsoni
Forstjór

Davíð Egilson
Forstöðumaður mengunarvarnarsviðs